

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 6. tbl. 5. árg. 17. mars 2011

Myndir augnabliksins voru teknar af heimasíðu Holtakots í tilefni þess að þar er verið að vinna með umhyggju og gleði.



Uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins Nótan verður haldin hátíðleg þann 26. mars í Langholtskirkju í Reykjavík.

Fyrirkomulag hátíðarinnar er með því sniði að haldnir eru forvalstónleikar í Tónlistarskólunum á öllu landinu. Þar eru valdir þátttakendur sem spila á svæðisbundnum tónleikum sem haldnir eru á þremur stöðum á landinu. Þessir sameiginlegu tónleikar fyrir Norður- og Austurland verða haldnir í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifriði n.k. laugardag. Þar verða valdir tónlistarnemendur til að spila á uppskeruhátíðinni í Reykjavík. Í forvali í Tónlistarskólanum á Akureyri voru valdir eftirtaldir tónlistarnemar. Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, sellónnemandi, Gunnar Björn Jónsson söngnemandi og Alexander Smári Edelstein píanónnemandi. Að auki voru valin til fararinnar Stórsveit Tónlistarskólans og Tangóband Tónlistarskólans, undir stjórn Alberto Carmona.



Stærðfræði í matartíma

Á öskudaginn var líf og fjör í leikskólum bæjarins. Á Pálmholti var ákveðið að slá upp pylsupartý í tilefni dagsins. Útbjuggu kennarar pylsusjoppu og ljósritaða peninga og seldu svo pylsur á 110 krónur stykkið. Börnin þurftu því að skoða seðlana til að átta sig á krónufjöldanum, leggja saman og finna út hvað margir peningar gerðu 110 krónur.



Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk er orðin árlegur vorboði í grunnskólum landsins. Með hækkandi sól eru haldnar uppskeruhátíðir í byggðalögum landsins þar sem tveir til þrjár þátttakendur frá hverjum skóla taka þátt. Keppni þessi er nú á sínu 15. starfsári og er meginmarkmið með henni að efla íslenskt mál og færni nemenda í notkun þess og þó um keppnisform sé að ræða skiptir almenn þátttaka nemenda mestu máli. Vandvirkni og virðing eru aðalsmerki starfsins og mikill metnaður lagður í undirbúning og lokahátíðir í skólunum.



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar á Akureyri verður haldin miðvikudaginn 23. mars kl. 17:00 í Menntaskólanum á Akureyri - Hólum. Á hátíðinni munu nemendur í 7. bekk, sem valdir hafa verið úr skólum bæjarins, lesa brot úr skáldverki og ljóð. Að lokum mun dómnefnd velja þrjá bestu upplestarana og veita verðlaun. Auk þess koma fram ungir hljóðfæraleikarar úr Tónlistarskólanum á Akureyri. Áætlað er að athöfnin standi í um tvær klukkustundir með hléi. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Fréttir af innritun í leikskólana

Gert er ráð fyrir að fyrstu innritunarbréfin verði send til foreldra um næstu mánaðarmót. Í bréfunum kemur fram hvenær barn þeirra getur hafið leikskólagöngu sína, hvort heldur um er að ræða vor eða haust. Gert er ráð fyrir að hægt verði að bjóða foreldrum allra barna sem fædd eru 2009 að innrita börn sín í leikskóla á árinu, en ljóst er að ekki verður hægt að verða við óskum allra foreldra um fyrsta val á leikskóla, þar sem mjög mismunandi fjöldi umsókna liggur fyrir um einstaka skóla. Gert er ráð fyrir að mögulegt verði að bjóða foreldrum nokkurra barna af árgangi 2010 að innrita börn sín komandi haust, en ekki liggur fyrir hversu mörg þau börn geta orðið né heldur hvaða leikskólar standa þeim til boða.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjórn skipa: Gunnar Gíslason gunnarg@akureyri.is og Sesselja Sigurðardóttir sesselja@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími Skóladeildar 460-1455. Opnunartími alla virka daga frá 8 - 16.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólk í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólk í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Leikskólinn Holtakot

Hugmyndafræði leikskólans er: Að barnið öðlist þekkingu og færni í gegnum persónulega reynslu, eigin virkni og áhugahvöt.

Í leikskólanum ríkir mannauðsstefna þar sem góðir eiginleikar hvers einstaklings fá að njóta sín.

Starfssemi Holtakots mótast af fjórum markmiðum sem eru höfð að leiðarljósi í starfinu þ.e. sjálfshjálp, frumkvæði, aga og tillitssemi

Sjálfshjálp er nám í færni og eflist með auknum þroska. Í athöfnum daglegs lífs er lögð áhersla á að styrkja barnið til sjálfshjálpar og sjálfsstæðis svo það öðlist sterka sjálfsmynd og gott sjálfstraust.

Frumkvæði Á Holtakoti er lögð áhersla á að virða frumkvæði og áhuga hvers barns. Það fær tækifæri til að fást við verkefni sem vekja áhuga þess á hverjum tíma og er því gefið ráðrúm og skapaðar aðstæður til tilrauna og úrvinnslu

Tillitssemi: Í samskiptum sínum við fólk byggir barnið upp hugmyndir og tilfinningar um sjálft sig, veröldina og fólkid í kringum sig. Það lærir einnig hvaða eiginleika það hefur samanborið við aðra. Það eru allir einstakir og ef barnið öðlast þá sýn á sjálft sig, á það auðveldara með að bera virðingu fyrir öðrum. Starfsmenn virða skoðanir og ólíkar hugmyndir barna og láta þau vita að þær eigi rétt á sér. Starfsmenn veita barni jákvæða svörun, hrós og athygli og styrkir þannig sjálfstraust og trú þess á sjálft sig

Agí er aðferð til að stjórna og taka ábyrgð á börnum svo þau skynji öryggi og læri reglur sem fullorðnir setja. Unnið er eftir SMT—skólafærni agastefnunni.

Frumkvæði - Sjálfshjálp



Agí - Tillitssemi

Holtakot 20 ára

Á föstudaginn 18. mars verður leikskólinn Holtakot 20 ára. Af því tilefni hafa börn og kennarar verið að gera ýmislegt skemmtilegt í vikunni. Farið verður í heimsókn á dvalarheimilið Hlíð, heimsókn í leikskólann Hlíðarból og í nokkur fyrirtæki. Á hverjum stað dreifa börnin brosum og gleði, hengja brosbarnanætur í barm þeirra sem taka á móti þeim á hverjum stað. Á föstudaginn verður afhjúpað sjálfsmyndaverk sem síðan verður hengt upp í Hofi til sýnis fyrir gesti og gangandi. Á föstudaginn verður einnig afmælisveisla í skólanum.



Í þessari umhlepningartíð er ekki alltaf hægt að leika á útileiksvæðinu. Þá er þarf að grípa til annarra aðgerða til að útileikurinn verði skemmtilegur og gefandi. Einn daginn var því farið út á stétt með kubba og krítar.

Leikskólinn hefur nú fest kaup á Lífsleikni verkefni sem gefið var út af þremur leikskólum hér á Akureyri. Í lífsleiknikennslunni er lögð áhersla á að kenna dygðir.



Kennslan fer fram í hópstarfi með börnunum en litar þó allt starfið þar sem dygðahugtökun eru notuð í daglegu starfi. Síðastliðin vetur var unnið með hugrekki, umhyggju og traust, en í vetur er lögð áhersla á ábyrgð, glaðværð og hjálpssemi.

Spakmæli frá Holtakoti

„Þegar þú ert öðrum góður, ertu sjálfum þér bestur“ Ók. höf.

Sigur í ritgerðarsamkeppni

Gabriel Snær Jóhannesson 8. BKÓ í Giljaskóla var einn af tíu nemendum á landinu sem sigruðu í samkeppninni *Kæri Jón*. Um er að ræða ritgerðarsamkeppni nemenda í 8. bekk sem sérstök afmælisnefnd stendur fyrir í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna 200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar þann 17. júní nk. Nemendur í 8.BKÓ tóku þátt í samkeppninni sem var hluti af samfélagsfræðikennslu og voru send þrjú verkefni suður í keppnina auk verkefnisins hans Gabriels.

Hundrað verkefni fá viðurkenningar en aðeins tíu fá aðalverðalun en það eru þau verkefni sem þykja skara fram úr. Gabriel er einn af þessum 10 á landinu sem hlýtur aðalverðlaun! Hann mun taka við viðurkenningu frá menntamálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu á laugardaginn kl. 14:00.

Legó námskeið

Þessa dagana standa yfir legó námskeið í nokkrum grunnskólum bæjarins. Um er að ræða námskeið í meðferð tækni legó kubba. Kennslan er einstaklingsmiðuð og kennt að nota m.a. tannhjól, girun, mótora o.fl. Allir þátttakendur fá tækifæri og aðstoð til að skapa sín eigin mólél. Kennari er Jóhann Breiðfjörð.



Greinar í Netlu

Lagt í vörðuna. Geðræktarverkefni fyrir miðstig grunnskóla

Lagt í vörðuna er þróunarverkefni í geðrækt. Helstu markmið verkefnisins eru að auka vellíðan nemenda, efla og styrkja sjálfsmynd þeirra, gera þá meðvitaðri um andlega líðan og kenna þeim leiðir til að draga úr vanlíðan.

Höfundar: Fríða Björnsdóttir, Guðrún Þórðardóttir og Guðbjörg Daníelsdóttir.

<http://netla.khi.is/greinar/2010/019/index.htm>

Er hægt að vera óhlutdrægur í rannsóknum.

Í greininni er fjallað um hlutlægni eða óhlutdrægni þess sem rannsakar. Sérstaklega er skoðuð rannsóknarnálgun sem kallast orðræðugreining. Því er haldið fram að í orðræðugreiningu skipti meginmáli að rannsakandinn sé meðvitaður um sín eigin áhrif á umfjöllunina um rannsóknarefnið.

Höfundur: Guðmundur Sæmundsson

<http://netla.khi.is/greinar/2010/018/index.htm>

„...Þó er best að borða ljóð, en bara reyndar þau sem eru góð“

Um ljóð og ljóðakennslu í grunnskólum

Börn vilja skemmtileg ljóð sem þau skilja og ljóð sem fjalla um efni sem þau geta tengt sig við. Ljóð gegna ríku hlutverki í málræktarstarfi grunnskólans og þegar vel er á málum haldið efla þau bæði málskilning og lesskilning. Meðal annars þess vegna er brýnt að laða þau að ljóðum.

Höfundur: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir

<http://netla.khi.is/greinar/2010/017/index.htm>